

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs**  
**22. fundur**  
**haldinn að Lyngási, 15. janúar 2009**

**Mættir:** Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson, Magnhildur Björnsdóttir, Björn Ármann Ólafsson og Þórhallur Þorsteinsson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

**Dagskrá:**

- 1. Fundargerð síðasta fundar**
- 2. Fjármál**
  - a. Árið 2008**
  - b. Árið 2009**
- 3. Stjórnarfundur 22. janúar á austursvæði**
- 4. Ráðstefna 23. janúar á Egilsstöðum**
- 5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar.**
- 6. Önnur mál.**

*Eiríkur formaður stýrði fundi og setti hann kl. 17.05*

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð frá 10. nóvember samþykkt og undirrituð. Jafnframt undirritaðar þær fundargerðir frá síðasta ári sem eftir var að skrifa undir.

**2. Fjármál**

**a) Árið 2008**

Formaður lagði fram yfirlit um rekstrarniðurstöður frá 30. sept. 2008 þar sem heildarrekstur austursvæðis er 9,8 m.kr. Þjóðgarðsvörður sagðist hafa nýrri tölu upp á 13,1 m.kr. en hún væri ekki endanleg. Í rekstraráætlun ársins var gert ráð fyrir 16,1 m.kr. Þjóðgarðsvörður hefur ekki enn aðgang að bókhaldskerfi til að fylgjast með stöðunni fyrir sitt svæði en það stendur til bóta.

**b) Árið 2009**

Formaður lagði fram 1. drög að rekstraráætlun 2009 sem tekin voru fyrir á fundi stjórnar þjóðgarðsins 22. desember 2008 og ræddi einstök atriði. Áætluð heildarrekstrargjöld eru 198,5 m.kr. Sértekjur eru áætlaðar 47 m.kr. og framlag á fjárlögum til rekstrar 106,8 m.kr. Viðræður standa yfir milli ráðuneyta um leyfi til að flytja 45 m.kr. af framkvæmdafé yfir í rekstur til að brúa bilið.

Rætt var um mikilvægi þess að koma vinnu við gerð rekstraráætlana í rétt horf þannig að svæðisráð komi að þeirri vinnu fyrr eins og lög gera ráð fyrir.

Þjóðgarðsvörður sagði að útlit væri fyrir að austursvæðið héldi sínum hlut nokkuð milli ára í landvarðarvikum og öðru. Verið væri að vinna í að fullgera rekstraráætlun og svæðisráð ætti að geta fengið þá tillögu til skoðunar fljótlega.

Þórhallur benti á að landvarðavikan væri ódýrust á austursvæðinu. Einn þáttur í því hefði verið skipulag á vinnufyrirkomulagi þannig að landverðir hefðu ekki verið að taka mörg frí yfir sumarið. Rætt var um það fyrirkomulag sem tekið var yfir frá Umhverfisstofnun, að greiða ferðakostnað landvarða þegar þeir færu í frí, t.a.m.

flug til Reykjavíkur fyrir þá sem byggju þar. Svæðisráð var sammála um að þetta þyrfti að endurskoða.

Þjóðgarðsvörður ræddi um brýn verkefni á svæðinu eins og merkingar og var honum falið að koma með tillögu um þær og senda ráðinu.

Þórhallur benti á nauðsyn þess að fá fjármuni í að skoða skipulag og uppbyggingu göngustíga og fleiri framkvæmdir sem fara þarf í, t.d. á Snæfellssvæðinu. Rætt um að leita allra leiða í því sambandi, t.d. var þjóðgarðsverði bent á Nýsköpunarsjóð námsmanna.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við gestastofu á Skriðuklaustri, ljúka húsinu að utan og gera það tilbúið undir tréverk. Svæðisráð er ósátt við hversu litlar upplýsingar hafa borist um hönnun gestastofunnar síðustu mánuði. Skúli Björn sagðist hafa fengið teikningar rétt fyrir jól enda búið að senda þær til byggingarnefndar Fljótsdalshrepps. Brá hann þeim upp í skjávarpann til upplýsingar. Formaður sagðist hafa kallað eftir því að komið yrði á meira samráði og búinn til samráðshópur. Formanni falið að ítreka það við framkvæmdastjóra.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir fé í upplýsingastöðvar. Rætt um forgangsstöðun á upplýsingastöðum fyrir þjóðgarðinn á austursvæði. Svæðisráðið leggur áherslu á að kraftur verði settur í samningaviðræður Vatnajökulspjóðgarðs við ferðaþjónustuaðila í Möðrudal um aðstöðu til kynningar á þjóðgarðinum en náist ekki samningar verði leitað samninga við þau á Aðalbóli.

### **3. Stjórnarfundur 22. janúar á austursvæði**

Formaður tilkynnti að næsti stjórnarfundur Vatnajökulspjóðgarðs yrði haldinn á Héraði 22. janúar nk. Gert væri ráð fyrir að svæðisráð ætti fund með stjórninni. Samþykkt að halda fundinn á Skriðuklaustri.

### **4. Ráðstefna 23. janúar á Egilsstöðum**

Lögð var fram dagskrá að ráðstefnu um Vatnajökulspjóðgarð sem haldin verður föstudaginn 23. janúar á Hótel Héraði á Egilsstöðum. Ráðstefnan er önnur í röð ráðstefna sem halda á á hverju svæði þjóðgarðsins. Að henni standa auk þjóðgarðsins: sveitarfélögin á Héraði, Þróunarfélag Austurlands, Markaðsstofa Austurlands og Vaxtarsamingur Austurlands. Umhverfisráðherra mun ávarpa ráðstefnuna en á henni verða yfir tíu erindi af ólíkum toga um þjóðgarðinn og þau tækifæri sem menn sjá með tilkomu hans. Ráðstefnan er jafnframt hugsuð sem kynning á þjóðgarðinum og er opin öllum.

### **5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar**

Þjóðgarðsvörður sagði frá því helsta sem hann er að gera þessa dagana.

## 6. Önnur mál

### a) Heimasíða og bæklingagerð

Tekin var umræða um heimasíðu þjóðgarðsins sem opnuð var í desember og einnig rætt um gerð upplýsingabæklinga. Í kjölfarið var samþykkt eftirfarandi bókun:

Svæðisráð austursvæðis gagnrýnir harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við gerð heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Miðað við hve langan tíma tók að koma heimasíðunni upp er óásættanlegt hve mikið er á síðunni af illa unnum upplýsingum, röngum kortum og lélegum myndum. Einnig er ámælisvert hve illa hefur gengið að koma inn þeim leiðréttingum sem komið hefur verið á framfæri. Svæðisráð austursvæðis fer fram á það að heimasíðunni verði komið í sómasamlegt horf á næstu vikum og krefst þess að sýnd verði skipulagðari og faglegri vinnubrögð við gerð þess upplýsingaefnis sem til stendur að gera á árinu.

### b) Greiðslur fyrir setu í svæðisráði

Magnhildur spurði hvort einhver niðurstaða væri komin með greiðslur vegna setu í svæðisráði. Skúli Björn benti á að í skipunarbréfum þeirra væri kveðið á um að þjóðgarðurinn ætti að standa straum af ferða- og upphaldskostnaði. Formaður sagðist hafa spurt eftir þessu á nánast hverjum stjórnarfundum en ætíð fengið þau svör að málið væri hjá umhverfisráðuneytinu. Formanni falið að ítreka þessa fyrirspurn á næsta stjórnarfundum.

### c) Fundir svæðisráðs

Formaður sagði stjórn þjóðgarðsins hafa ákveðið fjórða fimmtudag í mánuði sem fastan fundardag. Svæðisráð samþykkir að miða við þriðja fimmtudag í mánuði kl. 17 sem fastan fundardag fyrir sig.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.10.*

Skúli Björn Gunnarsson  
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Magnhildur Björnsdóttir

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Þórhallur Þorsteinsson